



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2022

## GRTE1FB05 Grunnteikning 2

<b>Kennari</b>	<b>Svanur Ingvarsson</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>SI</b>
----------------	--------------------------	---------------	-----------

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist áframhaldandi almenna þekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í þrjá megin þætti: Flatarteikningu, fallmyndun og yfirborðsútfletninga og fríhendi-teikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist frekari færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda og myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina. Þjálfist í lestri og gerð vinnuteikninga, fríhendisrissteikninga, gerð flatarmynda og útfletninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir fagbundið nám í teiknifræðum.

**Undanfari:** GRTE1FA05

### Þekkingarviðmið:

**Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:**

- Teikniáhöldum og notkun þeirra
- Teiknitáknum og notkun þeirra
- Lestri teikninga

### Leikniviðmið:

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í:**

- Meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda
- Nákvæmni og vandvirkni
- Lestri teikninga
- Gerð vinnuteikninga
- Gerð flatarmynda
- Gerða útfletninga
- Gerð fríhendisrissteikninga

### Hæfniviðmið:

**Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- Velja teikniáhöld
- Velja línugerð

- Velja tákni
- Vinna fallmyndir
- Vinna útflatninga
- Vinna þrívíðar myndir
- Allt samkvæmt fyrirmælum, bæði með teikniáhöldum og fríhendis

### Námsefni:

1. **GRUNNTEIKNING II**, (Mappa með teikniverkefnum og skýringum)

2. Teikniáhöld sem hér segir:

T - reglustrika, 40 sm

Teiknihorn, 45° og 60°

Sirkill

Línuveiðari

Gráðubogi

Blýantar eða blýpennar 0,5mm eða 2 mm, 2H og 4H

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Merkið hverja teikningu með nafni og dagsetningu með penna. Að því loknu kvittar kennari í viðkomandi reit neðst á hverri teikningu.

Áður en byrjað er á verkefnum og jafnhliða því sem þau eru unnin, er áriðandi að kynna sér skýringarnar sem eru á undan verkefnunum.

Vika	GRTE1FB05 – Verkefni vor 2022
1. vika 6.-7. jan	<b>Kynning</b>
2. vika 10.-14. jan	<b>Flatarteikning:</b> Verkefni 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7
3. vika 17.-21. jan	Verkefni 8, 9, 10, 11, 12, 13
4. vika 24.-29. jan	Verkefni 14, 15, 16, 17, 18, 19 <b>Skilaverkefni 1- nr. 16</b>
5. vika 31.-4. feb	Verkefni 1, 2, 3, 4, 5, 6 <b>Fallmyndun 2 og útflatningsmyndun</b>
6. vika 7.-11. feb	Verkefni 7, 8, 9, 10, 12 <b>Skila möppu – 1. hluta af 3 (30 verkefni)</b>

7. vika 14.-18. feb	Verkefni 13, 14, 15, 16, 17, 18	Skilaverkefni 2- nr. 17
8. vika 21.-25. feb	Verkefni 19, 20, 21, 22	Verkefnadagur 21. feb.
9. vika 28.-4. mars	Verkefni 23, 24, 25, 26	Miðannarmat, Kátir dagar, Flóafár
10. vika 7.-11. mars	Verkefni 29, 30	Opið hús 8. mars, Áfangamessa 9. mars
11. vika 14.-18. mars	Verkefni 32, 35 Valdagur 16. mars	Skilaverkefni 3-nr. 32, Mappa 2/3 (18 verkefni)
12. vika 21.-25. mars	<b>Fríhendisteikning:</b> Verkefni 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12	
13. vika 28.-1. apríl	Verkefni 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19	Skilaverkefni 4-nr. 18
14. vika 4.-8. apríl	Verkefni 20, 21, 22, 23, 24, 25	
15. vika 11.-15. apríl	<b>Páskafri</b>	
16. vika 18.-22. apríl	Verkefni 26, 27, 28, 29, 30, 31, 32	Skilaverkefni 5- nr. 30
17. vika 25.-29. apríl	Verkefni 33, 34, 35, 36, 37, 38, 39	Mappa 3/3 (39 verkefni)
18. vika 2.-6. maí	<b>Klára möppu, Síðasti kennsludagur 6. maí</b>	
19. vika 9.-13. maí	<b>Námsmat</b>	
20. vika xx.-xx. xxx	<b>Sjúkrapróf 16.,- birting námsmats 17.,- brautskráning lau. 21. maí</b>	

### Sérreglur áfangans

Til að standast áfangann þarf nemandi að hafa skilað öllum skilaverkefnum og lokið a.m.k. 80% af tilskyldum verkefnum möppunnar og kennari samþykkt þau.

### Fyrirkomulag námsmats:

Námspáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Mappa	Símat á öllum tilskyldum verkefnum möppunnar	50%
Skilaverkefni	Skilaverkefni og/eða próf af og til alla önnina	50%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

